

Reglur um meðferð umsókna og skerðingu á styrkuppþæð

Reglur um meðferð umsókna

1. Um allar umsóknir skal ríkja trúnaður
2. Fjalla skal um allar umsóknir á jafnréttisrundvelli. Stjórnarmaður sem hefur einhver tengsl við umsækjendur/umsókn/ir skal sitja hjá við yfirferð þeirra
3. Afgreiðsla umsókna fer fram samkvæmt ákveðnu verkferli Sprotasjóðs
4. Starfsmaður sjóðsins sér um gerðsamninga við alla þá sem úthlutun hafa hlotið ásamt því að sjá um formleg samskipti milli styrkþega og Sprotasjóðs. Þegar úthlutaðurstyrkur er umtalsvert lægri en styrkbeiðni er fylgt ákveðnu verklagi Sprotasjóðs til að kanna möguleg áhrif á framkvæmd þróunarverkefnis.

Fyrirkomulag vegna skerðingar á styrk:

1. Fáir verkefni úthlutað helmingi umbeðinnar styrkuppþæðar eða minna þurfa umsækjendur að skila nýrri verkáætlun til umsýsluaðila Sprotasjóðs og gera grein fyrir þeim áhrifum sem það mun hafa á framkvæmd verkefnisins.
2. Fáir verkefni úthlutað 51-75% umbeðinnar styrkuppþæðar hefur umsýsluaðili Sprotasjóðs samband við umsækjendur til að ræða áhrif þess á framkvæmd verkefnisins. Meti umsækjendur áhrifin umtalsverð skila þeir inn nýrri verkáætlun ásamt greinagerð. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að verkefnið geti haldið upphaflegri verkáætlun.
3. Fáir verkefni úthlutað yfir 75% af þeirri uppþæð sem sótt er um gerir sjóðsstjórn ráð fyrir því að verkefnið geti haldið upphaflegri verkáætlun.